



Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. apríl 2008
Tilvísun: 2008030004
Bréfalykill: 50.11

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum á auðlinda- og orkusviði.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. mars 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum á auðlinda- og orkusviði, 432. mál, opinbert eignarhald auðlinda, fyrirtækjaaðskilnaður.

Orkustofnun telur að aðskilnaður sérleyfisfyrirtækja og fyrirtækja sem stunda samkeppnisstarfsemi auðveldi eftirlit með sérleyfisstarfseminni og kunni að auka samkeppni.

Orkustofnun tekur ekki efnislega afstöðu varðandi eignarhald fyrirtækja.

Varðandi 3. gr. frv. þar sem lagðar eru til breytingar á raforkulögum, og vísað er til 41. gr. laganna um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu á varmaorku, sem vinnslufyrirtæki verður skylt að afhenda hitaveitu, bendir Orkustofnun á eftirfarandi:

Orkustofnun hefur þegar bent á þörf á breytingu á 41. gr. raforkulaga og sent iðnaðarnefnd tillögu þar um í skjali, sem fylgdi umsögn stofnunarinnar um frumvarp til breytinga á raforkulögum, dags. 15. nóvember 2007. Óskar stofnunin þess að tillögurnar séu hafðar til hliðsjónar við breytingar á 41. gr. raforkulaga. Orkustofnun hefur í samræmi við ákvæði raforkulaga og í samstarfi við alla hagsmunaaðila, þ.e. bæði rekstraraðila blandaðra jarðvarmavirkjana sem og keppinauta þeirra í raforkuframleiðslu sett niður reglur um eftirlit stofnunarinnar og viðmið. Þær taka ekki að öllu leyti tillit til nokkurra þátta sem hafa skal til hliðsjónar samkvæmt gildandi lögum.

Í 3. gr. frv. segir: *Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.* Orkustofnun er samkvæmt þessu ætlað nokkuð hlutverk án þess að gefnar séu frekari leiðbeiningar.

Orkustofnun telur brýnt að í lögum séu veittar skýrari leiðbeiningar um viðmiðanir varðandi útfærslu á verðlagningu varmaorkunnar, t.d. um lágmarks og hámarks arðsemisviðmið framleiðenda af sölu á heitu vatni.

Þá telur stofnunin að skilgreina verði hverjir geti orðið aðilar að ágreiningi. Til dæmis hitaveita, jarðvarmaorkuver, samkeppnisaðilar, sveitarfélög, neytendasamtök, almennir borgarar, Orkustofnun o.s.frv.

Orkustofnun telur einnig að athuga beri hvort að stofnunin skuli hafa heimildir til afskipta af verðlagningu á heitu vatni frá jarðvarmaorkuveri til hitaveitu þegar um tengda aðila er að ræða, þó svo að enginn ágreiningur sé til staðar á milli aðila, endi gæti þá myndast hætta á því að arðsemi hitaveitunnar verði falin í "óhagstæðum" kaupsamningi um heitt vatn.

Að lokum telur Orkustofnun að skýra þurfi hvað átt er við með orðalaginu að hitaveita sé háð orkuöflun frá jarvarmaorkuveri. Dugar t.d. hitaveitunni að vera tengd við orkuverið? Einnig telur stofnunin að skýra þurfi stöðu varmaorkuversins ef að hitaveitan fær nægilegan aðgang að heitu vatni frá öðrum. Óviss staða og áhætta jarðvarmaorkuversins gæti þá réttlætt hærri arðsemiskröfu en ella.

Orkustofnun bendir á að lög um hitaveitur, sem unnið er að, kunni að vera rétti vettvangurinn til útfærslu á rétti hitaveitna til varmaorku og skyldu framleiðenda til afhendingar hennar, sem og verðlagningar þeirrar orku.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir